



Ártúnsskóli- skólabragur

Einkunnarorð Ártúnsskóla; **ÁRANGUR – VIRÐING – VELLÍÐAN** eru leiðarljós í öllu starfi skólans. Lögð er áhersla á fagmennsku og kröfur gerðar til starfsfólks og nemenda að allir leggi sig fram um að ná **árangri** í því sem fengist er við hverju sinni. Hlúð er að hverjum einstaklingi og skapaðar aðstæður fyrir hvern og einn að ná markmiðum sínum.

Ártúnsskóli er Heilsueflandi skóli og Grænfánaskóli. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á heilsueflingu og umhverfismennt sem hefur áhrif á allt starf skólans. Löng hefð er fyrir kennslu í lífsleikni, ár hvert er unnið með tvö þemu þvert á skólastarfið. Samvinna ólíkra hópa stuðlar að samkennd og **virðingu** innan skólasamfélagsins sem eykur starfsánægju og gleði. Lögð er áhersla á sjálfsvirðingu sem leiðir af sér virðingu fyrir öðru fólki og umhverfi.

Vellíðan er forsenda þess að raunverulegt nám eigi sér stað. Í Ártúnsskóla er lögð áhersla á vinsamleg og jákvæð samskipti. Skólavinir úr 7. bekk aðstoða yngstu nemendur skólans í frímínútum og á uppbrotsdögum leiða eldri nemendur þá yngri á milli svæða. Í hringekjum er árgöngum blandað saman og einnig stuðla vinabekkir að auknum kynnum milli árganga. Náms- og spjallfélagar innan bekkja styrkja tengsl barnanna í hverjum árgangi og skólapeysur styrkja liðsheildina. Alla föstudaga hittast nemendur og starfsfólk á sal, syngja saman, fræðast og nemendur setja upp skemmtidagskrár, sýna afrakstur vinnu sinnar og veittar eru viðurkenningar.

Í skólanum er unnið á lýðræðislegan hátt og má nefna að haldnir eru bekkjafundir þar sem nemendur þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum. Allir árgangar eiga fulltrúa í stjórn nemendafélags og umhverfisnefnd skólans og hafa þannig tækifæri til að hafa áhrif á starf skólans og taka, í samvinnu við starfsfólk, ábyrgð á ýmsum verkefnum. Nemendur í 5. og 6. bekk hafa það ábyrgðarhlutverk að aðstoða á matsal og bókasafni.

Allir þessir þættir hafa jákvæð áhrif á nemendur og starfsfólk og bæta þannig skólabraginn.